

SAMÞYKKT

fyrir sorphirðu hjá Hraungerðishreppi.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hraungerðishreppur annast sorphirðu (þ.e. sorphreinsun og sorpeyðingu) í sveitarfélaginu.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands, samkvæmt 7. tölul. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, hefur eftirlit með að farið sé að samþykkt þessari. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu. Þeir aðilar sem sjá um sorphirðu skulu hafa starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins eða heilbrigðisnefndar Suðurlands eftir því sem við á.

2. gr.

Sorphirða skal framkvæmd undir yfirstjórn sveitarfélagsins og skal oddviti vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast sorphirðu á hverjum tíma.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þau ílát sem sveitarstjórn ákveður. Sorpgeymslur og gámasvæði skulu vera aðgengileg. Gámar skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum. Spilliefnum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins Árborgar samkvæmt samningi milli sveitarfélaganna.

4. gr.

Sveitarstjórn ákveður tíðni sorphreinsunar í samráði við framkvæmdaaðila sorphirðu. Ákvörðun um breytingu á flokkun, staðsetningu og tíðni hreinsunar á gámasvæðum skal tilkynna íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins með skriflegum hætti og skal fara að ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

5. gr.

Öll förgun úrgangs er háð starfsleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér menguun.

6. gr.

Íbúar og rekstraraðilar skulu eftir fremsta megni koma í veg fyrir myndun úrgangs og koma endurnýtanlegum úrgangi til endurnýtingar.

II. KAFLI

Sorphreinsunargjöld.

7. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar til að standa undir kostnaði við sorphirðu. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Vísa skal til samþykktar þessarar í gjaldskránni.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

8. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal koma henni á framfæri við skrifstofu sveitarfélagsins.

9. gr.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarnávarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarnávarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og stafestist hér með til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 2. mars 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.